



SUMARNÁMSKEIÐ Á TÍMUM COVID-19
2021

GRUNN- OG FRAMHALDSNÁM

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Jarðfræði Íslands – 4 ECTS https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80015920200&namskra=0	Deild Náttúru og skógar	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er skyldufag í BS námi í náttúru- og umhverfisfræði og getur nýst öllum öðrum BS brautum Lbhí sem valfag. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	4 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað	Nei	Nemendur skila ritgerð og þreyta lokapróf til að standast námskeiðið, lágmarkseinkunn 5,0 í báðum námsþáttum.

Jarðfræði Íslands – 4 ECTS**Kennari: Brynhildur Magnúsdóttir****Námskeiðslýsing:**

Í námskeiðinu verður fjallað um jarðfræði og jarðsögu Íslands. Farið verður í helstu ferli sem hafa, og hafa haft, áhrif á myndun og mótun landsins. (flekarek (opnun N-Atlantshafsins), möttulstrókinn, færslu gos- og rekbelta, megineldstöðvar og eldgos, upphleðslu jarðlaga, gliðnun landsins, jarðskjálfta og jarðhitasvæði. Ísaldir, útbreiðslu jökla, jökulhörfun, jökulrof, áflæði og afflæði og ummerki þessa). Dæmi verða tekin um aðferðir sem notaðar hafa verið til að kortleggja jarðsögu Íslands (fornsegulsvið, steingervingafræði, setkjarnar af landgrunni og stöðuvötnum o.s.frv). Fjallað verður um íslenskar bergtegundir og mismunandi ásýndir þeirra. Fjallað verður um helstu náttúruaulindir landsins og þá bæði orkuauðlindir og hagnýt jarðefni. Einnig verður fjallað almennt um hagnýta nýtingu jarðfræði og jarðfræðiupplýsinga við mannvirkjagerð, ýmsar framkvæmdir og orkuvinnslu. Fjallað verður um kornakúrfur og aðrar jarðtæknilegar prófunaraðferðir, (s.s. kornakúrfur og berggreiningar) jarðkannanir, notkun jarðefna við ýmsar aðstæður og úrvinnsla og túlkun jarðfræðilegra gagna.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Umhverfismat áætlana og undirbúningur umhverfisskýrslu – 2 ECTS https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80136820190&sid=	Deild Skipulags og hönnunar	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag í MS námi í skipulagsfræði og getur nýst BS brautum Lbhí sem valfag. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	4 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað	Nei	100% verkefnavinna, nemendur vinna raunhæft og hagnýtt verkefni, lágmarkseinkunn 5,0 til að standast námskeiðið.

Umhverfismat áætlana og undirbúningur umhverfisskýrslu – 2 ECTS

Kennari: Ólafur Árnason

Námskeiðslýsing:

Lög um umhverfismat áætlana tóku gildi árið 2006 á Íslandi og taka þau meðal annars til skipulags sem unnið er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Svæðis- aðal- og deiliskipulag sem uppfyllir ákveðin skilyrði er háð ferli umhverfismats áætlana.

Það er því brýnt að skipulagsfræðingar og þeir sem koma að vinnu við skipulagsmál hafi þekkingu á hvað máli skiptir og til hvers þarf einkum að horfa til þegar unnin er umhverfisskýrsla.

Í námskeiðinu verður farið yfir það hvaða áætlanir eru háðar umhverfismati áætlana, hvaða ferli slíkar áætlanir skulu þá fylgja og farið yfir innihald umhverfisskýrslna sem fylgja slíkum áætlunum.

Hæfniviðmið:

Í lok námskeiðs á nemandi að:

- Kunna skil á lagaumhverfi sem hefur áhrif á umhverfisskýrsluna
- Hafa þekkingu á undirstöðuatriðum umhverfismats áætlana og hvenær slíkt ferli á við
- Hafa þekkingu á hvað umhverfisskýrsla er og hver sé tilgangur hennar
- Hafa faglega færni til að taka tillit til þeirra forsendna sem skipta máli þegar unnin er umhverfisskýrsla
- Átta sig á því hvernig nýta má umhverfisskýrslu við ákvarðanatöku og valkostagreiningu þegar unnið er skipulag
- Öðlast reynslu á að takast á við raunveruleg dæmi
- Þjálfa framsetningu í mynd og máli

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Náttúruvernd/ náttúrutúlkun – 6 ECTS https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80029320216&namskra=0	Deild Náttúru og skógar	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Nýtt námskeiðið sem byggir á skylduáfangi í BS námi í náttúru- og umhverfisfræði og getur nýst öllum öðrum BS brautum Lbhí sem valfag eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	6 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Bóklegt alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfunda. Auk þess verður vettvangsvinna og vettvangs ferð í námskeiðinu.	Nei	Nemendur skila ritgerð og þreyta lokapróf til að standast námskeiðið, lágmarkseinkunn 5,0 í báðum námsþáttum.

Náttúruvernd – 6 ECTS

Kennari: Arnheiður Hjörleifsdóttir

Námskeiðslýsing:

Hugmyndafræði og siðfræði náttúruverndar. Náttúruvernd á smærri skala og stærri. Saga náttúruverndar hérlendis og erlendis. Vinna að náttúruvernd.

- Að nemendur hafi þekkingu á og skilji hugmyndafræði náttúruverndar og vinnubrögð við náttúruvernd
- Að skilja muninn á náttúruvernd á stórum og smáum skala
- Að þekkja sögu náttúruverndar á Íslandi og erlendis
- Að þekkja til náttúruverndarstarfa hérlendis og erlendis
- Að skilja vandamál tengdum náttúruverndarstörfum
- Að tengja náttúruvernd, sjálfbæra þróun og þróun samfélagsins

Fjallað er um gildi fræðslu fyrir gesti verndarsvæða og mikilvægi þess að nota fræðslu og náttúrutúlkun sem stjórnæki á verndarsvæðum. Fjallað er um hugmyndafræði náttúrutúlkunar og farið yfir helstu grundvallaratriði og aðferðir. Lögð er áhersla á að nemendur noti aðferðir náttúrutúlkunar í verkefnum á vettvangi. Fjallað er um hlutverk og ábyrgð landvarða, leiðsögumanna og annarra sem taka á móti gestum gagnvart náttúrunni og upplýsinga- og fræðsluskilyldu gagnvart gestum. Farið verður yfir hagnýta þætti við skipulag, undirbúning og framkvæmd fræðslu. Fjallað er um mismunandi miðla sem nota má við náttúrutúlkun eins og gönguferðir, náttúru- og sögustíga (fræðslustíga), gestastofur og fleira. Farið verður yfir helstu kosti og galla mismunandi miðla. Farið verður yfir þau margvíslegu tækifæri sem íslensk náttúra hefur til túlkunar. Sérstök áhersla verður lögð á að túlkunin feli í sér skilaboð.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Sumarnámskeið – útivist og landvarsla – 2 ECTS https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80024920210&namskra=0	Deild Náttúru og skógar	Nemendur Lbhí
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er skyldufag undir kjörsviðinu <i>þjóðgarðar og verndarsvæði</i> í BS námi í náttúru- og umhverfisfræði en getur nýst öðrum kjörsviðum í NU sem valfag. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Fjöldi 1 – 10 nemendur	3 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Sjálfstæð vinna nemenda eftir leiðsögn frá umsjónarmanni. Nemendur skila skýrslu eftir námskeiðið til umsjónarmanns.	Nei	Skila skal skýrslu til umsjónarmanns námskeiðsins og fá hana samþykka til að standast námskeiðið.

Sumarnámskeið – útivist og landvarsla – 2 ECTS

Kennari: Þórhildur María Kristinsdóttir

Námskeiðslýsing:

Áfanginn er skylduáfangi fyrir nemendur á NáttUm/þjóðgarðar og verndarsvæði og valáfangi fyrir aðra nemendur NáttUm brautar. Markmið áfangans er að tryggja að þeir sem ljúka námi frá Náttúru- og Umhverfisfræðibraut með áherslu á Þjóðgarða og Verndarsvæði hafi lágmarksþekkingu á útivist og að dveljast og starfa í þjóðgördum og verndarsvæðum fjarri alfaraleiðum. Áfanginn er verklegur (verknám) þar sem tekin eru fyrir grundvallaratriði ferðamennsku og útivistar auk þess sem störfum landvarða er gerð skil. Einnig þurfa nemendur að standa skil á almennu skyndihjálparnámskeiði sem tekið er sérstaklega. Námskeiðið er einstaklingsmiðað og þurfa nemendur að standa skil á tilteknum atriðum (sjá efnisþætti að neðan) til að ljúka námskeiðinu

Hæfniviðmið:

Námskeið þetta er einstaklingsmiðað og fer skipulag þess eftir því hvaða nemandi á í hlut. Til að standast námskeiðið þurfa nemendur að sýna fram á að þeir standist öll 10 atriði námskeiðsins og hafa uppáskrift frá þar tilbærum og viðurkenndum aðila þar um. Hægt er að taka efnisþætti námskeiðsins á mismunandi tímum og stöðum. Þeir nemendur sem starfa innan þjóðgarða og verndarsvæða í sumarvinnu og/eða þeir nemendur sem hafa landvarðaréttindi og hafa starfað innan þjóðgarða og verndarsvæða geta fengið landvarðahluta námskeiðsins uppáskrifaðan af yfirmanni. Útivistarhluti námskeiðsins verður að taka, annaðhvort í sérferðum eða innan sumarvinnu þjóðgarða og verndarsvæða og fá vottun yfirmanns að öll efnisatriði hafi verið staðin. Skyndihjálparnámskeið eru kennd á hverjum vetri við Lbhí auk þess sem Rauðakross Íslands heldur slík námskeið reglulega. Skólinn getur aðstoðað nemendur við að val á námskeiði.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Ný úrræði í meðhöndlun á lífrænum úrgangi - 2 ECTS - Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskra	Deild ræktun og fæða	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í BS námi við Lbhí og eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 20 manns	3 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað. Möguleiki á einni kynnisferð seinni part námskeiðs ef ástand í samfélaginu leyfir.	RML	Lokapróf, lágmarkseinkunn 5,0 til að standast námskeiðið.

Ný úrræði í meðhöndlun á lífrænum úrgangi – 2 ECTS

Kennari: Cornelis Aart Meijles

Námskeiðslýsing:

Fjallað verður um undirstöðuatriði og meginstefnur í meðhöndlun úrgangs, bæði erlendis og á Íslandi. Farið er yfir grunnatriði í meðhöndlun úrgangs. Fjallað er um þróun í meðhöndlun úrgangs, lög og reglugerðir, skilgreiningar og hugtök, mismunandi leiðir og útfærslur til meðhöndlunar úrgangs sem og umhverfis- og samfélagsáhrif sem og samlegðaráhrif aðgerða. Lögð er áhersla á heildræna nálgun í meðhöndlun úrgangs og þá sérstaklega m.t.t. lífræns úrgangs og lagðar verða tengingar við aðila sem koma að málum. Fjallað verður um samvinnu í efnis- og vöruheildjum með því að markmiði að loka efnahringrás og koma þannig í veg fyrir að úrgangur myndist yfir höfuð. Farið verður inn í tengsl úrgangs- og orkumála, s.s. orkusparnaður sem getur orðið við hágæða endurvinnslu úrgangs í hringrásarhagkerfi sem og nýjar leiðir sem hafa verið að þróast við að meðhöndla lífrænan úrgang í hringrásarhagkerfi, bæði hérlendis og erlendis. Þessi nýja nálgun gæti haft í för með sér víðtæk áhrif í nánustu framtíð á vinnsluáferðir í efnahagslífinu, og þá sérstaklega í landbúnaði. Dæmi sem má nefna í þessu samhengi eru gas- og jarðgerð, hauggerjun (Bokashi), nýting vermætra efna í lífrænum úrgangi (t.d. PHA og PLA fyrir bioplastframleiðslu, plöntutrefjum og bioceuticals (e. *Biobased Economy*), svæld brennsla (orku- og biochar framleiðsla og notkun (e. *Pyrolysis*))

ETV: Farið verður í skoðunarferð til nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi ef aðstæður leyfa.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Sustainable agriculture: The intersection of Agroecology and Sustainable Rural Development - 2 ECTS https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80138520210&kennsluar=2020	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í BS námi við Lbhí og eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	4 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað. Kennt á ensku.	Nei	Ritgerð

Sustainable agriculture: The Intersection of Agroecology and Sustainable Rural Development – 2 ECTS

Kennari: Mary Hendrickson

Námskeiðslýsing:

This course provides an overview of the practices and policies that are important in implementing agroecological systems at the farm and community levels within a sustainable rural development paradigm, while helping students to analyze various approaches to food and agricultural systems based on their impact on particular ecologies, economies and communities. The primary goal of the course is to link core concepts of agroecology with sustainable rural development, focusing on balancing tradeoffs between ecology, economy and community. Conceptual approaches will include sustainable development and rural wealth creation. The course will also expose students to examples of community food systems drawn from the instructor's experience in the U.S. and South Africa.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Skógvistfræði í skóglausu landi – 2 ECTS Forest ecology in a treeless country Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskrá	Deild Náttúra og skógur	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í BS námi við Lbhí og eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	4 dagar (áætluð kennsla 10. - 13. Júní)
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað. Námskeiðið verður kennt í einni 4 daga lotu Kennt á ensku.	Nei	Virk þátttaka í umræðum og í námskeiðinu í heild (40%), kynning og útdráttur (60%). Ekki lokapróf og einkunn er staðið/fallið (miðað við >50%).

Skógvistfræði í skóglausu landi – 2 ECTS / Forest ecology in a treeless country

Kennari: Dennis Riege

Námskeiðslýsing:

Icelandic foresters have successfully established plantations in the last several decades. Afforestation of deforested lands is an ongoing process that can benefit from the use of techniques that incorporate ecological principles. This course will explore the latest knowledge of forest ecology, especially on the mechanisms of colonization, succession, facilitation, and competition. It will examine the application of these processes to afforestation. Managed forests and experimental plots will be visited as case studies. The instructor is a USA ecologist who has conducted afforestation research on experimental plots in Iceland for the last 18 years. The course is a mixed university and practical training course where both students and employees of the Icelandic forestry sector will take part.

Hæfniviðmið:

After the course students should be able to:

1. Better understand the ecological mechanisms of colonization, succession, facilitation, and competition and their roles in afforestation
2. Have an understanding of current Iceland forest research and practices, in the greater context of the science of forest ecology
3. Be able to apply their knowledge of ecological principles and the scientific method to generate experimental designs on new techniques that can be tested in Iceland

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Practical microalgal biotechnology - 2 ECTS Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskrá	Deild Ræktunar og fæðu?	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í BS námi við Lbhí og eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	2 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í verklega kennslu á rannsóknarstofu. Kennt á ensku.	Nei	100% verkefnavinna, nemendur vinna raunhæft og hagnýtt verkefni, lágmarkseinkunn 5,0 til að standast námskeiðið.

Practical microalgal biotechnology course - 2 ECTS

Kennari: Dr. Francisca Vermeulen.

Námskeiðslýsing:

The course will cover introduction to microalgae, species used commercially, and products derived from them. Common downstream processing technologies will be covered and discussed. Training will include laboratory microalgal culturing technologies, scale up under laboratory conditions, analytical methods used to monitor growth, quality parameters and culturing conditions. The course will also include a visit to a commercial microalgae plant.

Teaching will be in English.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Hagnýt aðferðafræði BS / MS	Deild Náttúru og skógar	Nemendur Lbhí á BS og MS stigi
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Nemendur geta sótt sér starfsþjálfun undir handleiðslu fagaðila og fengið allt að 6 ECTS í val inn á sína námsleið fyrir það og þannig mögulega minnkað álag á öðrum námsárum.	Fjöldi 1 – 25 nemendur (m.v. að hámarki 5 á hverri BS braut, 5 í MS námi)	Einstaklingsbundið: allt að 8 – 12 vikur, getur verið styttra
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Sjálfstæð vinna nemenda úti á vettvangi undir handleiðslu fagaðila.	Nei, ekki beint samstarf að námskeiðinu sem slíku en brautarstjórar gera samninga við fagaðila um aðkomu þeirra að starfsþjálfun nemenda.	Þátttaka í námskeiðinu, umsögn yfirmanns á þjálfunarstað og skýrsla frá nemanda til ábyrgðarmanns/brautarstjóra

Hagnýt aðferðafræði fyrir BS eða MS nema – allt að 6 ECTS

Kennari: Ýmsir leiðbeinendur hér og þar, fundnir í samráði á milli nemenda og ábyrgðarmanns/brautarstjóra

Námskeiðslýsing:

Þeir nemendur sem ekki hafa langa reynslu af starfi í faggeirunum verða hvattir til að taka starfsþjálfun hjá einhverjum fagaðila, til dæmis starfsstöð Skógræktar ríkisins, Landshlutabundnu skógræktarverkefni, Landgræðslu ríkisins, inni á landupplýsingasviði LBHÍ eða S.r., sem aðstoðarmenn í rannsóknnum hjá LBHÍ, S.r. eða L.r. Brautarstjóri gerir samning við þá aðila sem taka á móti nemendum. Tryggt verði að nemendur fái eins fjölbreytt störf innan þjálfunarstaðar og unnt er. Samkvæmt reglum LBHÍ má meta faglega starfsreynslu sem nemendur afla sér á meðan á námi stendur til allt að 6 ECTS eininga. Til að fá starfsreynslu metna til eininga verður að gera sérstakan þjálfunarsamning við fyrirtæki/stofnun áður en vinnan hefst. Það er brautarstjóri sem gerir slíkan samning við ábyrgðarmann starfsins hjá fyrirtæki/stofnun. Brautarstjóri metur einnig starfið til eininga og er þá ekki aðeins tekið mið af starfstíma, heldur einnig hversu fjölbreytta reynslu neminn fær í starfinu/starfsþjálfuninni. Til að sumarvinna sé metin til 6 ECTS eininga þarf hún að standa í a.m.k. sex vikur og gefa nemanum reynslu á fleiri en einu sviði skógræktarmála. Neminn semur sjálfur við fyrirtæki/stofnun um laun fyrir vinnu sína. Kennsluáferðir: Bein starfsreynsla.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Geitfjárrækt - 2 ECTS - Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskrá	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í námi við Lbhí. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	3 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með heimsókn á geitfjárræktarþú ef aðstæður leyfa.	Geitfjárræktarfélag Íslands	100% verkefnavinna, nemendur vinna raunhæft og hagnýtt verkefni, lágmarkseinkunn 5,0 til að standast námskeiðið.

Geitfjárrækt - 2 ECTS

Kennarar: Birna Kristín Baldursdóttir ofl.

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér geitfjárrækt. Í námskeiðinu verður fjallað um erlend geitfjárkyn og uppruna íslenska geitastofnsins stöðu hans, ræktun og framtíðarhorfur. Á undanförunum árum hefur áhugi á þessum einstaka stofni, sem er í útrýmingarhættu, aukist mikið og vinnsla ýmisa geitaafurða hefur verið að þróast. Fjallað verður m.a. um vinnslu afurða og sagt frá reynslu þeirra sem hafa verið að vinna með afurðir geita, mjólk (ostagerð), kjöt, fiðu og stökur. Einnig verður fjallað um sæðingar og mikilvægi þeirra til að sporna við skyldleikarækt. Farið verður í heimsókn á geitfjárræktarþú ef aðstæður leyfa.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Kornrækt - 2 ECTS Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskrá	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í BS námi við Lbhí og eins MS nemendum í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	2 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Kennt í fjarkennslu með skyldumætingu á Hvanneyri.	Nei	Ekkert lokapróf. Ritgerð og verkefni. Vægi skilaverkefna 100%

Kornrækt - 2 ECTS

Kennari: Hrannar Smári Hilmarsson

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið er sambland af verklegri þjálfun og yfirferð á bóklegri þekkingu á framkvæmd við kornrækt við íslenskar aðstæður. Farið yfir helstu niðurstöður tilrauna við kornrækt hérlendis. Farið yfir verkleg atriði kornræktar á Íslandi, frá vali á fræi, jarðvinnslu, sáningu, vöktun og úðun varnarefna, að mati þroska, uppskeru og verkun fóðurs.

Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði eiga nemendur að geta hafið kornrækt uppá eigin spýtur, aðstoðað við reynda kornbændur og leiðbeint þeim sem eru að byrja í kornrækt og að:

Geta lagt mat á hvernig sáning heppnsat vel

Geta lagt mat á áburðarþörf og bestu aðferðir við áburðargjöf

Geta lagt mat á yrkjavall eftir umhverfi og væntingum

Geta lagt mat á þroska byggs að hausti

Geta beitt þreskivél til þess að skera og þreskja korn.

MEISTARASTIG

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Stefnumótun fyrir markaðssetningu með samfélagsmiðlum. - 2 ECTS Nýtt námskeið, sett upp v. COVID-19, og því ekki til í kennsluskrá	Deild Ræktunar og fæðu??	Nemendur á MS stigi
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er valfag og getur nýst öllum nemendum í MS námi við LbhÍ í samráði við þeirra leiðbeinendur. Með því að taka námskeiðið í sumar geta nemendur minnkað álag á öðrum námsárum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	2 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Fyrirlestrar og styttri hópverkefni. Kennt á ensku.	Nei	Ekkert lokapróf. Ritgerð og verkefni. Vægi skilaverkefna 100%

Stefnumótun fyrir markaðssetningu með samfélagsmiðlum – 2 ECTS

Kennari: Svavar Halldórsson

Námskeiðslýsing:

- Í námskeiðinu er farið yfir það frá grunni hvernig farsæl markaðssetning með samfélagsmiðlum er unnin, hugsuð og hönnuð.
- Vel er farið yfir eðli samfélagsmiðla, mismunandi gerðir, eiginleika þeirra, og hvernig þeir nýtast við markaðssetningu.
- Eins er farið yfir eðli vöru sem fyrirbæris, markhópa og rödd.
- Gengið er út frá fjögurra skrefa kenningu við stefnumótun; undirbúning, hönnun og stefnumótun, framkvæmd og eftirlit, endurmat og endurhönnun.
- Ekki er farið í hvernig hvernig á að búa til efni, skrifa texta eða setja inn auglýsingar
-

Hæfni að loknu námskeiði:

- Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að geta:
- Metið vörur og hugmyndir út frá því hvort þær eru tilbúnar til markaðssetningar.
- Skilið hugtök eins og vara, rödd og markhópar.
- Undirbúið og sett fram stefnumótun og framkvæmdaáætlun fyrir skilvirka markaðssetningu með samfélagsmiðlum.

FRAMHALDSSKÓLASTIG

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Bókhald - Námskeið – 2 fein https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80054420203&kennsluar=2019	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla, nemendur framhaldsskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí??)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er hugsað sem undirbúningsnámskeið fyrir þá sem vantar grunn í bókhaldi. Nýtist m.a. þeim sem stefna á nám við Lbhí, bæði í starfsmenntanámi og eins t.d. í búvísindum og skógfræði á BS stigi. Nýtist einnig sem undirbúningur fyrir nám í öðrum skólum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	5 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað.	Nei	Verkefnavinna og lokapróf, lágmarkseinkunn 5,0 í öllum námsþáttum til að standast námskeiðið.

Bókhald – Námskeið – 2 fein.

Kennari: Gunnar Örn Kárason

Námskeiðslýsing:

Farið er í grundvallaratriði tvöfalda bókhalds og lokun bókhalds. Unnin allmörg verkefni við að færa dagbók eftir fylgiskjöllum og við uppgjör með reikningsjöfnuði. Kynnt uppsetning rekstrar- og efnahagsreiknings, samspil þeirra, ásamt helstu hugtökum reikningshalds.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Efnafræði - grunnur - 2 fein https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80061520203&kennsluar=2019	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinberra háskóla, nemendur framhaldsskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí??)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið er hugsað sem undirbúningsnámskeið fyrir þá sem vantar grunn í efnafræði. Nýtist m.a. þeim sem stefna á nám við Lbhí, bæði í starfsmenntanámi og eins t.d. í náttúru- og umhverfisfræði, búvísindum og skógfræði á BS stigi. Nýtist einnig sem undirbúningur fyrir nám í öðrum skólum.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	5 vikur
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað.	Nei	Verkefnavinna og lokapróf, lágmarkseinkunn 5,0 í öllum námsþáttum til að standast námskeiðið.

Efnafræði námskeið – 2 fein

Kennari: Björk Lárusdóttir

Námskeiðslýsing:

Nemandinn á að loknum þessum áfanga að hafa öðlast nokkurn skilning á frumatriðum efnafræðinnar, byggingu frumeinda (atóma) og uppbyggingu lotukerfisins. Þá á nemandinn að skilja og geta beitt helstu grunnhugtökum greinarinnar og kunna skil á efnatengjum, efnahvörfum og efnasamböndum. Lögð er áhersla á að nemandinn geti reiknað út mólstyrk lausna og efnainnihald einstakra frumefna í efnasamböndum, t.d. köfnunarefnisinnihald í kjarna. Sérstök áhersla er lögð á að kynna grunnhugtök í lífrænni efnafræði.

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Matarfrumkvöðull - 2 fein Nýtt námskeið vegna COVID-19, ekki til í kennsluskra eins og er	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinbera háskóla. Einstaklingar á lögbýlum, í borg og bæjum hringinn í kringum landið sem hafa áhuga á að fara út í smáframleiðslu matvæla, úr eigin hráefni eða aðkeyptu.
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið væri hægt að nýta sem valfag í starfsmenntanámi Lbhí.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	2 vikur, (áætluð kennsla frá 3. – 16.ágúst)
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með einhverri mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað.	Nei	Raunhæf verkefni 50%, lokaverkefni 50%

Matarfrumkvöðull – 2 fein

Kennari: Oddný Anna Björnsdóttir

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu er farið yfir skrefin frá því að viðskiptahugmynd kviknar þar til vara er komin á markað. Fjallað er um uppbyggingu matvælamarkaðarins, þ.m.t. ólíkar söluleiðir og leiðir til að koma vöru í verslun eða beint til neytenda; þróunina á neytendamarkaði, þ.m.t. ólíka markhópa; hvað þurfi helst að hafa í huga í vöruþróun og áður en farið er af stað; þ.m.t. valkvæðar vottanir og upprunamerkingar og tækifærin sem felast í betri merkingum matvæla og áherslu á sjálfbærni; regluverkið, eftirlitsstofnanir og umhverfi smáframleiðandans, þ.m.t. hvað stendur smáframleiðendum til boða, t.d. tengt aðstöðu, stuðningi, ráðgjöf og styrkjum; hvernig sækja eigi um starfsleyfi; hlutverk og áherslumál hagsmunasamtaka smáframleiðenda; gerð viðskiptaáætlunar, stofnun fyrirtækis og ávinninginn af stefnumótandi áætlanagerð.

Hæfni að loknu námskeiði:

- Skýr mynd af matvælamarkaðinum og þróuninni á neytendamarkaði
- Skilningur á helstu hugtökum sem tengjast ferlinu
- Skilningur á vöruþróunarferli og markaðsfærslu matvæla
- Kunna að stofna fyrirtæki og sækja um starfsleyfi
- Vita hvar hægt er að nálgast upplýsingar, fá aðstöðu, stuðning, ráðgjöf og styrki
- Geta sett upp einfalda viðskiptaáætlun og fjárfestakynningu
- Geta nýtt stefnumótandi áætlanagerð í sínum rekstri

Heiti námsúrræðis og einingafjöldi	Fagsvið	Markhópur
Hagnýt stjórnun- 2 fein Nýtt námskeið vegna COVID-19, ekki til í kennsluskra eins og er	Deild Ræktunar og fæðu	Nemendur Lbhí, nemendur annarra opinbera háskóla, nemendur framhaldsskóla og áhugasamur almenningur (einnig boðið í gegnum Endurmenntun Lbhí??)
Markmið námsúrræðis	Áætlaður fjöldi	Lengd náms
Námskeiðið væri hægt að nýta sem valfag í starfsmenntanámi Lbhí.	Lágmarksfjöldi: 12 manns Hámarksfjöldi: u.þ.b. 30 manns	3 vikur (áætluð kennsla hefst 14. júní)
Tilhögun náms	Samstarf við aðra stofnun?	Form námsmats/hæfnimats
Alfarið kennt í fjarkennslu með mætingu í fyrirlestra/kynningar í gegnum fjarfundabúnað.	Nei	Fyrirlestrar í fjarkennslu, innendar og erlendar dæmisögur, gestafyrirlesarar úr atvinnulífinu, styttri tímaverkefni ásamt lokaverkefni. Lágmarkseinkunn 5,0 í öllum námsþáttum til að standast námskeiðið

Hagnýt stjórnun – 2 fein

Kennari: Áshildur Bragadóttir endurmenntunarstjóri LBHÍ

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið er sérlega ætlað búfjáreigendum, frumkvöðlum í matvælatengdum greinum og nemendum við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á námskeiðinu verður farið er yfir helstu kenningar og hugtök í stjórnunarfræðunum og leitast við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda, mikilvægi hlutverks stjórnenda í rekstri og áætlanagerð, stjórnun mannauðs, áætlanagerð, vöruþróun og markaðssetningu.

Nemendur fá tækifæri til að skoða og þróa þekkingu sína og skilning á hlutverki stjórnenda, læra um muninn á stjórnanda og leiðtoga og hvað stjórnendur þurfi helst að hafa í huga í störfum sínum.

Fjallað verður um forystuhlutverk stjórnandans, markmiðasetningu og áætlanagerð, samskipti og samskiptatækni, stjórnun mannauðs sem og hagnýt atriði við stjórnun teyma og praktískar aðferðir og leiðir til að sinna stjórnendastarfinu með árangursríkum hætti. Nemendur fá tækifæri til að skoða og þróa þekkingu sína og skilning á leiðtogahlutverkinu.

Áhersla verður lögð á að nemendur öðlist fræðilega þekkingu á starf stjórnandans í hröðu og síbreytilegu umhverfi, eðli þess og áskoranir. Kynnt verður fyrir nemendum ýmis verkefni sem stjórnendur inna af

hendi og fá nemendur að heyra reynslusögur frá aðilum í landbúnaði, garðyrkju, matvælaframleiðslu og útflutningi.

Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir með það að markmiði að ýta undir áhuga virkni og þátttöku nemenda.

Hæfniviðmið:

Við lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa grunnþekkingu á megin hugtökum og kenningum stjórnunarfræðanna. Í því felst að nemendur geti útskýrt eðli stjórnendastarfsins, hlutverk og lykilviðfangsefni stjórnandans. Nemendur eiga að sýnt fram á skilning á merkingu lykilhugtaka og sett þau í samhengi við starf stjórnanda og geta sýnt fram á skilning á fræðilegum hugtökum, viðmiðum og skrifum fræðimanna sem fjallað er um í námskeiðinu.

Nemendur eiga að:

Þekkja og geta rætt helstu hugtök og lykilatriði stjórnunarfræðanna

Þekkja kosti og galla helstur stjórnunaraðferða á vinnumarkaði

Vera færir um að túlka, greina, meta og útskýra helstu lykilatriðin í námskeiðinu

Vera færir um að útskýra fyrir hlutverki stjórnenda í skipulagsheildum og árangur þeirra

Vera færir um að meta og ákvarða hvaða aðferðum stjórnunar hentar að beita við mismunandi kringumstæður

Þekkja muninn á stjórnanda og leiðtoga

Þekkja markmiðasetningu og geta sett sér skýr markmið

Búa yfir færni til að nota þekkingu og hæfni sína með praktískum hætti til að tryggja faglega og árangursríka stjórnun

Kennsluaðferðir:

Kennsluhættir eru fjölbreyttir, í formi fyrirlestra og leiðsögn kennara, hópvinnuverkefna, einstaklingsverkefna og innlagnir frá gestafyrirlesurum sem munu ræða stjórnunareynslu sína, hvaða stjórnunaraðferðir þeir telja árangursríkar og helstu áskoranir í starfi. Gestafyrirlesarar munu hafa fjölbreytta reynslu og bakgrunn m.a. á sviði landbúnaðar, garðyrkju, matvælaframleiðslu og útflutnings.

Fyrirlestrar verða aðgengilegir nemendum í kennslukerfi skólans.

Námsmat:

Einstaklingsverkefni 25%

Hópvinnuverkefni 25%

Lokapróf 50%

